

Vegagerðin, Austursvæði
Búðareyri 11-13
730 Reyðarfjörður

Akureyri, 14. september 2022
UST202203-080/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 04.08. 2022 – Vegagerðin Reyðarfirði

Þann 4. ágúst sl. fór fram eftirlit í bikbirgðastöð Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Enn stendur opið frávik frá árinu 2016, um að áfylling flutningsgeyma skuli fara fram á olúheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lágsta punkti sem tengt er olúskilju. Sótt var um undanþágu til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins varðandi frágang á fyllingaplani og gildi sú undanþága til 1. janúar 2019. Enn hefur ekki verið brugðist við, skv. þeirri úrbótaáætlun sem fram var lögð og er frávikið því enn opið. **Sækja þarf um breytingu á starfsleyfi óski rekstraraðili eftir því að Umhverfisstofnun taki til athugunar að breyta kröfum um olúhelt áfyllingarplan með niðurfall í lágsta punkti.**

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar að uppfæra þarf áætlanir m.t.t. starfsmannabreytinga og er því nú lokið. Fjögur frávik komu fram er varða:

- 1. Gr. 4.9 og 2.1 í starfsleyfi.** Efnabambar, hátt í 30 stk., sem innihalda viðloðunarefni og lýsi eru staðsettir innan þróar rekstraraðila. Óheimilt er að geyma hluti eða efni á lóð rekstraraðila sem truflað geta starfsemina, rýrt þróarrými eða aukið mengunarhættu. **Úrbótum er lokið og það staðfest með ljósmynd þann 29. ágúst sl.**
- 2. Gr. 2.6 og 4.9 í starfsleyfi.** Tveir ómerktir efnabambar eru staðsettir innan þróar og er innihald þeirra óþekkt. Merkja þarf efnabambana ef upplýsingar berast um innihald þeirra, ellegar koma þeim til viðurkenndrar spilliefnaförgunar. **Úrbótum er lokið.**
- 3. Gr. 2.6 í starfsleyfi.** Olíuúrgangur og Whitespritt standa í opnum ílátum við inngang stöðvarhúss og sullast hefur upp úr þeim og niður á malarundirlag. Fjarlægja þarf úrganginn og koma honum til förgunar á viðurkenndan hátt. **Úrbótum er lokið og það staðfest með ljósmynd þann 29. ágúst sl.**
- 4. Gr. 2.5 í starfsleyfi.** Ídræg efni til hreinsunar á olúefnum sem sullast niður skv. gr. 2.5 í starfsleyfi, vantar. **Ídræg efni hafa verið pöntuð skv. upplýsingum frá rekstraraðila þann 29. ágúst sl.**

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði er varðar eldra útistandandi frávik um áfyllingarplan í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 5. október 2022.

Virðingarfyllst,

Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur